



SAMANTEKT ATHUGASEMDA VIÐ DRÖG AÐ STARFSLEYFI NORÐURÁLS HELGVÍK OG VIÐBRÖGD UMHVERFISSTOFNUNAR VIÐ ÞEIM

I. Skipulagsstofnun.

1. Skipulagsstofnun gerir athugasemd um þynningarsvæði þar sem segir að „tryggt þarf að vera að afmörkun þess verði í fullu samræmi við þynningarsvæði í aðalskipulagi Reykjanesbæjar og sveitarfélagsins Garðs“.
 - Þynningarsvæði álversins er allt innan þess svæðis sem afmarkað er á aðalskipulagi Reykjanesbæjar og er því samræmi þar á milli.
2. Skipulagsstofnun telur að að í starfsleyfi eigi að koma fram að rekstur álversins sé háður heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda og að áður en starfsleyfi sé veitt liggi fyrir að fyrirtækið fái losunarheimild eða sýni fram á hvernig losun gróðurhúsalofttegunda verði mætt.
 - Starfsleyfi Umhverfisstofnunar byggja á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og stofnunin hefur ekki heimild til að fjalla þar um óskylda þætti eða leyfi sem byggja á öðrum lögum.
 - Um losunarheimildir er fjallað um í lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda. Af orðalagi 11. greinar þessara sömu laga má ráða að starfsleyfi sé eitt af því sem skoðað er þegar kemur til úthlutunar á heimildum um losun gróðurhúsalofttegunda. Þar með er ekki gert ráð fyrir því að heimildir um losun gróðurhúsalofttegunda þurfi að liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út.
3. Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við almennt orðalag V. kafla starfsleyfisins (Umhverfissvöktun) og telur að í starfsleyfi eigi að vera hægt að sjá allar vöktunarkröfur:

- Umhverfisstofnun hefur breytt ákvæðum greinar 5.2 í ljósi athugasemdarinnar. Vöktunaráætlun er hins vegar breytingum háð á starfsleyfistímanum – m.a. að teknu tilliti til niðurstaðna vöktunarmælinga og annarra rannsókna – og því er ekki talið rétt að festa ákvæði hennar frekar í starfsleyfi.

II. **Landvernd:**

1. Landvernd telur útgáfu starfsleyfis ótímabæra þar sem vitneskja um ákveðna þætti starfseminnar liggur ekki fyrir, sbr. nánar liði 2-5 hér að aftan:
2. Losun gróðurhúsalofttegunda
 - Vísað er til svara Umhverfisstofnunar við athugasemd Skipulagsstofnunar (I.2)
3. Orkuöflun
 - Starfsleyfi Umhverfisstofnunar taka ekki á orkuöflun rekstraraðila, sjá og svar I.2.
4. Spá um losun gróðurhúsalofttegunda liggur ekki fyrir og vegna þess að heildstætt mat á umhverfisáhrifum orkuöflunar og orkuflutninga hefur ekki farið fram
 - Sjá svar I.2. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna álversins liggur fyrir.
5. Skipulagsmál sveitarfélaga vegna orkuflutninga
 - Sjá svör I.2 og II.3.
6. Landvernd bendir á að í starfsleyfisdrögum er ekki fjallað um vöktun á magni flúors á beitarsvæðum hrossa.
 - Umhverfisstofnun fellst á þessa athugasemd – Sjá svar I.3.

III. **Atli Gíslason, Agnar Sigurbjörnsson, Ragnheiður Eiríksdóttir:**

1. Telja útgáfu starfsleyfis ótímabæra þar sem vitneskja um grundvallarþætti starfseminnar er óljós, s.s. orkuöflun, orkuflutninga og losun gróðurhúsalofttegunda auk þess sem breyta þyrfti skipulagi 7 sveitarfélaga annarra en Reykjanesbæjar og Garðs
 - Sjá svör Umhverfisstofnunar í liðum I.2, II.3 og II.4.
2. Í auglýstum drögum er ekki gert ráð fyrir vöktun á magni flúors á beitarsvæðum hrossa.

- Umhverfisstofnun fellst á þessa athugasemd og hefur breytt ákvæði gr. 5.2, sjá og svar við athugasemd I.3.
3. Telja fullljóst að blanda af þurr- og vothreinsun hafi reynst best, sér í lagi í mikilli nálægð við byggð. Þar sem Norðurál hyggist eingöngu notast við þurrhreinsun sé ekki verið að nota bestu fánlegu tækni (BAT) eins og vera ber.
- Hugtakið „Besta fánlega tækni“ er skilgreint á alþjóðavísu í BREF-skjali um „Non-Ferrous“ málmíðnað, og þurrhreinsun fellur undir þá skilgreiningu. Umhverfisstofnun vísar jafnframt til álits Skipulagsstofnunar þar sem niðurstaða framkvæmdaraðila er talin ásættanleg um að notast við þurrhreinsun (sjá álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, kafla 3.2.1.2). Umhverfisstofnun minnir enn fremur á að með vothreinsun ykist losun PAH-efna í sjó þar sem þessi efni hlaðast upp í sjávarseti. Í slíku tilfalli þyrfti að skilgreina einnig þynningarsvæði í sjó. Þess ber að lokum að geta að vothreinsun fellur ekki undir skilgreinda BAT-tækni.
4. Tengdar framkvæmdir og umræða um heildstætt umhverfismat
- Sjá svar II.4.

IV. Kristinn Stefánsson og Sigurborg Rögnvaldsdóttir:

1. Gerð er athugasemd hversu almenn tillagan er á köflum og hve litlu hún bætir við orðalag laga og reglugerða.
- Í starfsleyfi eru taldar upp þær kröfur sem rekstraraðila ber að uppfylla. Í sumum tilfellum er þeim kröfum lýst í lögum og reglugerðum og eru þær endurteknar með það fyrir augum að afmarka á einum stað þá meginþætti sem rekstraraðila ber að uppfylla og auðvelda eftirlit.
2. Athygli vekur að margt, svo sem áætlun um mælingar í viðauka 2, er samhljóma ákvæðum í starfsleyfi Alcoa Fjarðaáls
- Viðmiðanir um umhverfismörk og kröfur um mengunarvarnir áliðnaðarins eru staðlaðar í lögum og reglugerðum. Kröfur miða alla jafna að því að uppfylla umhverfismörk utan þynningarsvæðis. Leiðir að því marki byggja á tæknilausnum fyrirtækisins og afmörkun þynningarsvæðis sem eru miðuð út frá aðstæðum á

hverjum stað. Einnig ber þess að geta að Norðurál Helguvík mun nota að miklu leyti tækni frá Alcoa Inc.

3. Bent er á að í 23. grein í reglugerð nr. 785/1999 er tekið fram að fullt tillit skuli taka til niðurstöðu umhverfismats hverrar framkvæmdar í starfsleyfi. Í starfsleyfi vantar ákvæði um mælingar á mengun og gæðum lofts, ferskvatns, gróðurfars, jarðvegs og sjávar eins og getið er í frummatsskýrslu, eftirlit með beitilandi hrossa, geymsla og viðvera fólks á tólmstundarsvæði innan þynningarsvæðis.
 - Texta í grein 5.2 í starfsleyfi hefur verið breytt í því skyni að tryggja enn betur samræmi starfsleyfis og álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum álversins. Í tilgreindri vöktunaráætlun verður tekið á þeim þáttum sem þar eru nefndir og tilgreindir eru í áliti Skipulagsstofnunar. Þar sem heilsuverndarmörk eru uppfyllt innan þynningarsvæðis er ekki talin ástæða til að gera athugasemdir við viðveru fólks innan þess.
4. Gerð er athugasemd við óljóst orðalag í grein 1.9 í starfsleyfi og hvernig meta skuli að kostnaður eigi ekki að vera „óhóflegur“.
 - Skilgreining á „bestu fánlegri tækni“ felur í sér að kostnaður megi ekki verða óhóflegur. Þetta má t.d. sjá í skilgreiningu í grein 3.2 í reglugerð 785/1999 þar sem segir að með „fánlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluáferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum **og efnahagslegum** aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.“ Umhverfisstofnun fellst hins vegar á að fella út orðalagið „án óhóflegs kostnaðar“.
5. Mun skýrari reglur vantar um leyfilegan tíma sem þurrhreinsibúnaður má stöðvast (gr. 4.5) og reglur skortir um þau tilvik þegar virkni búnaðarins skerðist.
 - Umhverfisstofnun telur að reglur um viðbrögð við stöðvun hreinsibúnaðar sé nægjanleg. Stofnunin telur að þau mörk sem sett eru um leyfilega losun efna eins og flúor (miðað við framleidd tonn af áli) setji rekstraraðila hæfilegar skorður í þessum efnum sem í sjálfu sér sé fullnægjandi ráðstöfun gagnvart hugsanlegri stöðvun í þurrhreinsibúnaði.

V. Sól á Suðurnesjum:

1. Bréf samhljóða bréfi Landverndar

- Sjá svör Umhverfisstofnunar við athugasemdum Landverndar.

VI. Reykjaneshöfn:

1. Engin athugasemd

VII. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja:

1. Engin athugasemd

